



Minnisblað - uppfærð samþykkt um meðhöndlun úrgangs

Ný samþykkt um meðhöndlun úrgangs var til vinnslu hjá starfsmönnum sveitarfélagsins á haustdögum 2022, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, enda tók Ísafjarðarbær þátt í svokölluðum hraðli við innleiðingu nýrra laga um meðhöndlun úrgangs, sem skyldaði alla til fjórflokkunarkerfis, en lagabreytingin tók gildi 1. janúar 2023. Með þessari vinnu varð Ísafjarðarbær eitt af fyrstu sveitarfélögunum til að innleiða breytingarnar, og hefur í kjölfarið verið fyrirmynd og veitt öðrum sveitarfélögum upplýsingar um ýmiss atriði tengt innleiðingunni.

Ný samþykkt um meðhöndlun úrgangs, sem að miklu leyti var byggð á fyrirmynd Sambandsins í *Handbók um úrgangsmál*, var samþykkt í bæjarstjórn 15. desember 2022, og var óskað flýtimeðferðar í ráðuneytinu til birtingar hennar í Stjórnartíðindum fyrir áramót.

Vegna mikilla anna í ráðuneytinu barst sveitarfélaginu ekki svar um samþykki samþykktarinnar fyrr en í lok febrúar 2023, þá með höfnun á samþykkt þar sem athugasemdir voru gerðar við útfærslu nokkurra ákvæða, sér í lagi ákvæða 7., 9., 13. og 15. gr.

Í kjölfarið næstu mánuði áttu starfsmenn sveitarfélagsins og Sambandsins samskipti, bæði á fundum og í tölvupóstum, um þessar athugasemdir, enda mikilvægt að jafnvægi væri á milli ábendinga ráðuneytisins og sjálfsákvörðunarréttar sveitarfélagsins, og horft til hlítingar við lög, praktísk atriði og samkeppnissjónarmiða.

Niðurstaðan var sú að gera neðangreindar breytingar, ýmist að frumkvæði Ísafjarðarbæjar eða ráðuneytisins. Þar sem um efnislegar breytingar er að ræða, frá samþykkttri samþykkt bæjarstjórnar frá desember 2022, er rétt að málið sé lagt fram til samþykktar, til nýrrar síðari umræðu í bæjarstjórn.

Er málið því lagt fram til samþykktar í umhverfis- og framkvæmdanefnd, með tillögu um að samþykkt um meðhöndlun úrgangs verði lögð fram til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Sjá hér frekari greiningu á breytingum:

Gamla – samþykkt í des. 2022 – ósamþykkt af RN/óbirt	Nýja – til samþykktar nú	Skýringar
7. gr. Söfnun heimilisúrgangs 1. mgr. og 4.-5. mgr.	7. gr. Söfnun heimilisúrgangs 1.-3. mgr. og 5.-6. mgr.	
1) Ísafjarðarbær annast söfnun heimilisúrgangs frá íbúðarhúsnæði í þéttbýli sveitarfélagsins með reglubundnum hætti. Bærinn annast einnig söfnun úrgangs frá íbúðarhúsnæði í dreifbýli þar sem búið er allt árið um kring, með þeirri takmörkun þó að ekki sé lengra en sjö kílómetrar frá aðalbraut að því íbúðarhúsnæði sem hirða á úrgang frá. Þar sem ekki er búið allt árið um kring og þar sem vegalengd frá aðalbraut að bæ er lengri en sjö kílómetrar er skal úrgangi safnað á grenndar-, söfnunar-, og/eða móttökustöð	1) Ísafjarðarbær ber ábyrgð á að heimilisúrgangi sé safnað í sveitarfélaginu með reglubundnum hætti. Sveitarfélagið annast söfnun úrgangs frá íbúðarhúsnæði í þéttbýli, og frá íbúðarhúsnæði í dreifbýli þar sem búið er allt árið um kring, með þeim skilyrðum þó að aðgengi til söfnunar, að íbúðarhúsnæðinu sem safna á úrgangi frá, sé gott og aðgengilegt. 2) Frá atvinnuhúsnæði í dreifbýli, íbúðarhúsnæði þar sem ekki er búið allt árið um kring, og þar sem aðgengi að íbúðarhúsnæði í dreifbýli til söfnunar sorps telst óaðgengilegt, skal úrgangi safnað á grenndar-, söfnunar-, og/eða móttökustöð. Umhverfis- og framkvæmdanefnd skal í samráði við heilbrigðisnefnd ákvarða hvort aðgengi teljist fullnægjandi til söfnunar frá viðkomandi íbúðarhúsnæði, eða hvort nauðsynlegt sé að úrgangi skuli skilað á grenndar-, söfnunar- og/eða móttökustöð.	Gera þarf skýran greinarmun á söfnun úrgangs og flutningi úrgangs. Eins að sveitarfélagið beri ábyrgð á söfnuninni, en safnar aðeins sjálft frá íbúðarhúsnæði, í gegnum þjónustuaðila. Sveitarfélagið sér um söfnun frá íbúðarhúsnæði í þéttbýli og í dreifbýli með ákveðnum takmörkunum. Nákvæmar hömlur um ákveðna km-tölu frá aðalbraut tekin út. Frekar horft til að aðstæðna á hverjum stað, s.s. að sorphirðubíll getur ekki komist að húsi eða út í eyju. Þar sem aðstæður bjóða ekki upp á söfnun frá íbúðarhúsnæði skal úrgangi safnað á grenndarstöð. Fyrirhugað er að sama fyrirkomulag verði á einstökum íbúðarhúsum í dreifbýli og áður, en komi upp mál þar sem óskað er breytinga skal nefndin vera í samráði við heilbrigðiseftirlit um mat á aðstæðum.

	3) Lögaðilum og/eða eigendum atvinnuhúsnæðis í þéttbýli er heimilt að semja við þjónustuaðila um söfnun heimilisúrgangs, og skal staðfesting þess efnis send Ísafjarðarbæ við gerð samnings þar um. Að öðrum kosti annast sveitarfélagið söfnun úrgangs lögaðilans.	Lögaðilum/fyrirtækjum er heimilt að semja beint við þjónustuaðila um söfnun heimilisúrgangs í stað þess að sveitarfélagið geri það. Skal það tilkynnt Ísafjarðarbæ. Hér þarf að huga að praktískum atriðum varðandi tilkynningar. Þjónustuaðili safnar núna hjá lögaðilum sem greiða beint til hans, en skv. nýjum lögum er þessi söfnun á ábyrgð sveitarfélagsins.
3) Ísafjarðarbær leggur heimilum til sorpílát fyrir tiltekna tegundir úrgangs. Ílátin skulu þannig gerð að auðvelt verði að flokka úrgang í samræmi við það flokkunarkerfi sem er í notkun á hverjum tíma.	5) Ísafjarðarbær leggur þeim til sorpílát fyrir tiltekna tegundir úrgangs, sem fá þjónustu sveitarfélagsins við söfnun heimilisúrgangs. Ílátin skulu þannig gerð að auðvelt verði að flokka úrgang í samræmi við það flokkunarkerfi sem er í notkun á hverjum tíma. Þjónustuaðili leggur þeim til sams konar sorpílát, sem gert hafa samning við þjónustuaðila um söfnun heimilisúrgangs.	Snýr að því hver afhendir tunnurnar – þjónustuaðilinn ef lögaðili skiptir beint við þjónustuaðila, en sveitarfélagið ef lögaðili skiptir beint við sveitarfélagið.
4) Húsráðandi getur beðið um að ílátum sé fjölgað eða óskað eftir annarri stærð íláta, eftir atvikum, og skal greiða umsýslugjald, auk gjalds samkvæmt fjölda og stærð íláta, í samræmi við gjaldskrá, sbr. og 14. gr. reglnanna.	6) Greiðandi, eða forsvarsmaður greiðanda úrgangsgjalda, getur beðið um að ílátum sé fjölgað eða óskað eftir annarri stærð íláta, eftir atvikum, og skal greiða umsýslugjald, auk gjalds samkvæmt fjölda og stærð íláta, í samræmi við gjaldskrá, sbr. og 16. gr. samþykktarinnar.	Hér er breytt í „greiðanda“ eða „forsvarsmann greiðanda“ (ef lögaðili eða húsfélag), en ekki húsráðandi - sem er of takmarkandi hugtak.

8. gr. Geymslur og gerði fyrir söfnun úrgangs	8. gr. Geymslur og gerði fyrir söfnun úrgangs 8. mgr.	Nýtt ákvæði 8. mgr.
	Verði ofangreind skilyrði ekki uppfyllt, s.s. um staðsetningu eða aðgengi að sorpílátum, sameiginleg sorpgerði fjölbýlishúsa, kröfur um sorpgerði eða þyngd ílát, er umráðamanni sorpílata heimilt að koma ílátum fyrir á losunarstað hirðubíls á hirðudegi eða við lóðamörk, eftir atvikum, og komast þannig hjá greiðslu aukagjalds, skv. gjaldskrá, sbr. 16. gr. samþykktarinnar eða að þjónustuaðili sleppi hirðingu, sbr. 8. mgr. 6. gr. samþykktarinnar.	Heimild fyrir umráðamann sorpílata (húsráðanda) til að færa tunnurnar sjálfur út að lóðamörkum á losunardegi ef tunnur eru alla jafna geymdar þar sem þær uppfylla ekki skilyrði 8. gr. um geymslur og gerði fyrir söfnun úrgangs. Þetta er sett inn til að gefa fólki færi á að sleppa við aukagjaldtöku, eða að þjónustuaðili sleppi hirðingu.
9. gr. Rekstrarúrgangur 2. mgr.	9. gr. Rekstrarúrgangur	
Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að veita rekstraraðila sömu þjónustu og heimilum varðandi meðhöndlum úrgangs, í samræmi við gjaldskrá á hverjum tíma.	- n/a -	Ákvæði tekið út – á ekki við rekstrarúrgang. Snýr í raun að heimilisúrgangi rekstraraðila, sbr. breytingar á 7. gr.

13. gr. Heimildir til undanþágu	13. gr. Heimildir til frávika	RN samþykkir ekki hugtakið „undanþága“ en samþykkir „frávik“
Sé óskað undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktar þessarar skal rökstuddri beiðni þar að lútandi beint til umhverfis- og eignasviðs, sem heimilt er að veita undanþágu ýmist tímabundið eða ótímabundið. Við veitingu undanþágu skal m.a. horft til þess að safnaður úrgangur frá viðunandi farveg og að fyrirkomulag söfnunar stuðli að því að markmiðum samþykkrar þessarar verði náð.	Umhverfis- og framkvæmdanefnd er heimilt að veita heimild til frávika frá einstökum ákvæðum samþykktar þessarar, gangi frávik ekki gegn ákvæðum laga nr. 55/2003, og afleiddum reglugerðum, auk þess sem við samþykki frávika skal m.a. horft til þess að safnaður úrgangur fái viðunandi farveg og að fyrirkomulag söfnunar stuðli að því að markmiðum samþykkrar þessarar verði náð. Sé óskað samþykkis frávika frá einstökum ákvæðum samþykktar þessarar skal rökstuddri beiðni þar að lútandi beint til umhverfis- og eignasviðs.	Beiðni beint til sviðsins, en nefndin tekur formlega ákvörðunina á fundi. Við samþykki frávika verður að horfa til þess að safnaður úrgangur og meðferð hans samræmist grunngildum laganna.
15. gr. Verklagsreglur	14. gr. Verklagsreglur	Breytt uppröðun ákvæða
Ísafjarðarbæ er heimilt að setja verklagsreglur varðandi meðferð einstakra mála skv. samþykkt þessari, s.s. varðandi óskir um breytingar á ílátum, beiðnir um aukalosun íláta, og undanþágubeiðnir. Skulu verklagsreglur birtar opinberlega.	Ísafjarðarbæ er heimilt að setja verklagsreglur varðandi meðferð einstakra mála samkvæmt samþykkt þessari, s.s. varðandi óskir um breytingar á ílátum, beiðnir um aukalosun íláta, og beiðnir um samþykkt frávika.	Ekki skylda að birta verklag opinberlega. Er þó heimilt. Þarf að vinnast í samráði við þjónustuaðila.

14. gr. Gjaldtaka	16. gr. Gjaldtaka	
Allt íbúðarhæft íbúðarhúsnæði í þéttbýli og íbúðarhæft íbúðarhúsnæði með heilsársbúsetu í dreifbýli þar sem ekki er lengra en sjö kílómetrar frá aðalbraut að íbúðarhúsnæði ber kostnað eftir rúmmáli íláta (rúmmálgjald), sem og fast gjald vegna reksturs grenndar- og söfnunarstöðva og annars fasts kostnaðar (fastagjald). Annað íbúðarhæft húsnæði í dreifbýli ber aðeins fastagjald.	Allt íbúðarhæft íbúðarhúsnæði í þéttbýli og í dreifbýli með heilsársbúsetu, þar sem almennt er ekki lengra en sjö kílómetrar frá aðalbraut að íbúðarhúsnæði, greiðir kostnað eftir rúmmáli íláta (rúmmálgjald), sem og fast gjald vegna rekstur grenndar- og söfnunarstöðva, og annars fasts kostnaðar (fastagjald). Sama á við um atvinnuhúsnæði í þéttbýli þar sem Ísafjarðarbær sér um hirðingu heimilisúrgangs. Annað húsnæði í þéttbýli og dreifbýli greiðir aðeins fastagjald.	Snýr að breytttri uppsetningu 7. gr. um hvaða íbúðarhúsnæði sveitarfélagið þjónustar með hvaða hætti. Gjaldtakan í sjálfu sér óbreytt.
17. gr. Viðurlög	17. gr. Valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög	Lengra og meira lýsandi heiti
Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 68. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.	Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Um viðurlög fer samkvæmt XIX. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.	Ítarlegra ákvæði